

LEIÐBEININGAR
við reglur nr. 200/2017 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, sbr. 18. gr. þeirra.

1. Almenn.

Leiðbeiningar þessar eru birtar til skýringar á framkvæmd reglna nr. 200/2017, um gjaldeyrismál (hér eftir „reglur um gjaldeyrismál“), sem settar eru samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b, 5. mgr. 13. gr. c, 9. mgr. 13. gr. j, 15. mgr., 13. gr. n, 4. og 5. mgr. 13. gr. o, 3. mgr. 13. gr. p og 1. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar til nánari útskýringa á framkvæmd tilkynninga skv. 3. og 4. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 4. gr., 5. mgr. 7. gr., 2. mgr. 17. gr. reglna um gjaldeyrismál og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Fjármálafyrirtæki sem tilkynna gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptavinum sína skulu tryggja að tilkynningar uppfylli form- og efnisskilyrði reglna um gjaldeyrismál og leiðbeininga þessara og að viðskiptin séu tilkynnt Seðlabankanum með réttum hætti, sbr. færslulýsingar í köflum 2-4 í leiðbeiningum þessum.

Upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar ásamt tilefni þeirra skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaði sem finna má á vefsíðu Seðlabankans (hér eftir „eyðublaðið“) og skal eyðublaðið fylgja tilkynningu fjármálafyrirtækis til Seðlabankans sem áskilnaður er gerður um samkvæmt reglum um gjaldeyrismál. Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um eða aðkomu að gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum (hér eftir „milligönguaðili“) skal fylla út eyðublaðið fyrir hönd viðskiptavina sinna vegna tilkynningarskyldra viðskipta til að tryggja að skilyrði Seðlabankans séu uppfyllt.

Milligönguaðili getur uppfyllt tilkynningarskyldu með sjálfvirkum hætti í samráði við Seðlabankann.

Kafla 2 í leiðbeiningum þessum lýtur að almennum tilkynningum um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum og erlendum gjaldeyri.

Kafla 3 í leiðbeiningum þessum lýtur að tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja vegna fjármagnshreyfinga á milli landa með innleggjum á eða úttektum af reikningum.

Kafla 4 í leiðbeiningum þessum lýtur að tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja vegna afleiðuviðskipta.

Kafla 5 í leiðbeiningum þessum lýtur að tilkynningarskyldu innlendra lögaðila um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa sem eiga sér stað án milligöngu innlendra fjármálafyrirtækja.

2. Tilkynningar um fjármagnshreyfingar á milli landa skv. 1-7. tölul. 3. mgr. 2. gr., 1-4. tölul. 4. mgr. 2. gr., gjaldeyrisviðskipti skv. 2. mgr. 3. gr. og fjárfestingar skv. 5. mgr. 4. gr. reglum um gjaldeyrismál.

Tilkynning til Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingu á milli landa skv. 1-7. tölul. 3. mgr. 2. gr., 1-4. tölul. 4. mgr. 2. gr., gjaldeyrisviðskipti skv. 2. mgr. 3. gr. og fjárfestingu skv. 5. mgr. 4. gr. reglum um gjaldeyrismál skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur aðkomu að eða milligöngu um fjármagnshreyfinguna, gjaldeyrisviðskiptin eða fjárfestinguna innan fimm virkra daga frá því að greiðsla á sér stað. Mánaðarlegar samantektir skulu sendar innan 5 virkra daga frá síðasta degi þess mánaðar sem samantektin nær til. Ef viðskipti eiga sér stað án aðkomu innlends fjármálafyrirtækis skal aðilinn sem framkvæmir fjármagnshreyfinguna, gjaldeyrisviðskiptin eða fjárfestinguna sjálfur annast tilkynninguna til Seðlabankans.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is þar sem upplýsingar skulu taka mið af færslulýsingum í köflum 2.1 – 2.6 hér á eftir.

Skýringar á skammstöfunum í færslulýsingum:

NB	Tveggja stafa auðkenni milligönguaðila.
KT	Kennitala umsækjanda.
EG/IG	Fjármagnshreyfingar í erlendum eða innlendum gjaldeyri.
A(x)	Merkir texta sem má í hæsta lagi nema x stafi að lengd.
F(k)	Merkir texta sem skal vera nákvæmlega k stafir að lengd.
N(y)	Merkir tölugildi sem má í hæsta lagi nema y stafi að lengd.
Listi	Merkir að valið skuli úr lista eða að slegnar skuli inn upplýsingar sem passi við lista.
N(z,w)	Merkir tölugildi sem má í hæsta lagi nema z stafi að lengd og með w aukastöfum.

Heiti skjals skal vera í samræmi við tilefni, sbr. færslulýsingar í köflum 2.1-2.6 þar sem stöfunum NB, EG/IG og KT skal skipt út í samræmi við skýringarnar að framan:

Heiti skjals	Tilefni fjármagnshreyfingar	Kafla
SK_NB_IG_KT.XLSX	Fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna skuldbindinga í innlendum og erlendum gjaldeyri.	2.1.1
FL_NB_KT.XLSX	Fjárfestingarloforð.	2.1.2
IN_NB_KT.XLSX	Vextir af innstæðum.	2.1.3
AR_NB_KT.XLSX	Arður.	2.2
FJ_EG_NB_KT.XLSX	Fjárfesting í verðbréfum o.þ.h. í erlendum gjaldeyri.	2.3.1
FJ_IG_NB_KT.XLSX	Fjárfesting í verðbréfum o.þ.h. í innlendum gjaldeyri.	2.3.2
FV_NB_KT.XLSX	Inn- og útflutningur verðbréfa í innlendum og erlendum gjaldeyri.	2.4
BF_NB_KT.XLSX	Bein fjárfesting erlendis og hérlendis.	2.5
FA_NB_KT.XLSX	Fasteignir erlendis.	2.6

2.1 *Færslulýsing – fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna greiðslu vaxta, verðbóta, samningsbundinna afborgana, fyrirfram- og uppgreiðslu lánaskuldbindinga í innlendum og erlendum gjaldeyri og peningamarkaðslána í innlendum gjaldeyri skv. 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál.*

2.1.1 Tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna vaxta, verðbóta, samningsbundinna afborgana, fyrirfram- og uppgreiðslu lánaskuldbindinga (á einnig við vaxtagreiðslur í ISK sem skipt er í erlendan gjaldeyri og sendar á milli landa) skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn útgefanda/lántaka.
- c. Kennitala útgefanda/lántaka.
- d. Heimilisfesti útgefanda/lántaka.
- e. ISIN-númer útgáfu (ef rafrænt skráð).
- f. Útgáfudagur/lántökudagur.
- g. Lokagjalddagi.
- h. Lántökumynt/útgáfumynt.
- i. Upphafleg fjárhæð skuldbindingar.
- j. Eftirstöðvar skuldbindingar fyrir greiðslu.
- k. Mynt fjármagnshreyfingar á milli landa.
- l. Fjárhæð fjármagnshreyfingar á milli landa í mynt hreyfingar vegna:
 - i Vaxtagreiðslu.
 - ii Verðbóta á vaxtagreiðslu.
 - iii Samningsbundinnar afborgunar höfuðstóls.
 - iv Verðbóta á samningsbundna afborgun höfuðstóls.
 - v Fyrirframgreiðslu höfuðstóls.
 - vi Verðbóta á fyrirframgreiðslu höfuðstóls.
- m. Nafn, kennitala og heimilisfesti eiganda/mótaðila.
- n. Nafn, kennitala og heimilisfesti vörsluaðila bréfa.
- o. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: SK_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn útgefanda/lántaka.</i>	A(70)
<i>Kennitala útgefanda/lántaka.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti útgefanda/lántaka.</i>	F(2) Listi
Afurð:	
<i>ISIN númer útgáfu (ef rafrænt skráð).</i>	F(12)
<i>Útgáfudagur/lántökudagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Lokagjald dagur.</i>	DD.MM.YYYY
Eign til grundvallar:	
<i>Lántökumynt.</i>	F(3) Listi
<i>Upphafleg fjárhæð skuldbindingar.</i>	N(12,2)
<i>Eftirstöðvar skuldbindingar fyrir greiðslu.</i>	N(12,2)
Forsendur fjármagnshreyfingar á milli landa:	
<i>Mynt fjármagnshreyfingar á milli landa.</i>	F(3) Listi
Fjárhæð fjármagnshreyfingar á milli landa í mynt hreyfingar vegna:	
<i>Vaxtagreiðslu.</i>	N(12,2)
<i>Verðbóta á vaxtagreiðslu.</i>	N(12,2)
<i>Samningsbundinnar afborgunar höfuðstóls.</i>	N(12,2)
<i>Verðbóta á samningsbundna afborgun höfuðstóls.</i>	N(12,2)
<i>Fyrirframgreiðslu höfuðstóls.</i>	N(12,2)
<i>Verðbóta á fyrirframgreiðslu höfuðstóls.</i>	N(12,2)
Viðtakandi:	
<i>Nafn eiganda/mótaðila.</i>	A(70)
<i>Kennitala eiganda/mótaðila .</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti eiganda/mótaðila.</i>	F(2) Listi
Vörsluaðili:	
<i>Nafn vörsluaðila bréfa.</i>	A(70)
<i>Kennitala vörsluaðila bréfa.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti vörsluaðila.</i>	F(2) Listi
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármálaþyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.1.2 Tilkyning um fjármagnshreyfingu á milli landa í innlendum og erlendum gjaldeyri vegna sammingsbundinna afborgana af fjárfestingarloforðum í sjóðum skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn og kennitala fjárfestis.
- c. Heimilisfesti fjárfestis.
- d. Upphafsdagsetning skuldbindingar.
- e. Lokagjalddagi skuldbindingar.
- f. Mynt sammings.
- g. Upphafleg fjárhæð skuldbindingar í mynt.
- h. Eftirstöðvar skuldbindingar fyrir greiðslu í mynt.
- i. Heildarfjárhæð innköllunar í mynt.
- j. Nafn sjóðs.
- k. Heimilisfesti sjóðs.
- l. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkyningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkyningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkyninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: **FL_NB_KT.XLSX**

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn fjárfestis.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjárfestis.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjárfestis.</i>	F(2) Listi
Afurð:	
<i>Upphafsdagsetning skuldbindingar.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Lokagjalddagi skuldbindingar.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Mynt sammings.</i>	F(3) Listi
Eign til grundvallar:	

<i>Upphafleg fjárhæð skuldbindingar í mynt.</i>	N(12,2)
<i>Eftirstöðvar skuldbindingar fyrir greiðslu í mynt.</i>	N(12,2)
Forsendur greiðslu:	
<i>Heildarfjárhæð innköllunar í mynt.</i>	N(12,2)
Viðtakandi:	
<i>Nafn sjóðs.</i>	A(70)
<i>Kennitala sjóðs.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti sjóðs.</i>	F(2) Listi
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.1.3 Tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna vaxta og verðbóta af innstæðum í innlendum og erlendum gjaldeyri skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn og kennitala fjármálafyrirtækis.
- c. Vaxtagreiðsludagsetning.
- d. Vaxtatímabil frá.
- e. Vaxtatímabil til.
- f. Mynt höfuðstóls.
- g. Höfuðstóll fyrir vaxtagreiðslu.
- h. Mynt fjármagnshreyfingar á milli landa.
- i. Fjárhæð fjármagnshreyfingar á milli landa vegna vaxta í mynt millilandaflutninga.
- j. Nafn og kennitala fjárfestis.
- k. Heimilisfesti fjárfestis.
- l. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: IN_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn fjármálafyrirtækis.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis.</i>	F(10)
Forsendur greiðslu:	
<i>Vaxtagreiðsludagsetning.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Vaxtatímabil frá.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Vaxtatímabil til.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Mynt höfuðstóls.</i>	F(3) Listi
<i>Höfuðstóll fyrir vaxtagreiðslu.</i>	N(12,2)
<i>Mynt fjármagnshreyfingar á milli landa.</i>	F(3) Listi
<i>Fjárhæð fjármagnshreyfingar á milli landa vegna vaxta í mynt.</i>	N(12,2)
Viðtakandi:	
<i>Nafn fjárfestis.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjárfestis.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjárfestis.</i>	F(2) Listi
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.2 Færslulýsing – fjármagnshreyfing á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna greiðslu arðs skv. 2. tölul. 3. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrisráð.

Tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna greiðslu arðs skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn og kennitala arðgreiðanda.
- c. Heimilisfesti arðgreiðanda.
- d. ISIN-númer útgáfu (ef rafrænt skráð).
- e. Útgáfumynt hlutafjár.
- f. Nafnverðsfjárhæð eignar.
- g. Arðgreiðsludagsetning.
- h. Arðgreiðslumynt.
- i. Arðgreiðslufjárhæð í mynt.
- j. Nafn og kennitala hluthafa.
- k. Heimilisfesti lands hluthafa.

- l. Nafn, kennitala og heimilisfesti vörsluaðila bréfa.
- m. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: AR_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn arðgreiðanda.</i>	A(70)
<i>Kennitala arðgreiðanda.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti arðgreiðanda.</i>	F(2) Listi
Afurð:	
<i>ISIN númer arðgreiðanda (ef rafrænt skráð).</i>	F(12)
<i>Útgáfumynt hlutafjár.</i>	F(3) Listi
Eign til grundvallar:	
<i>Nafnverðsfjárhæð eignar.</i>	N(12,2)
Forsendur greiðslu:	
<i>Arðgreiðsludagsetning.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Arðgreiðslumynt.</i>	F(3) Listi
<i>Arðgreiðslufjárhæð í mynt.</i>	N(12,2)
Viðtakandi:	
<i>Nafn hluthafa.</i>	A(70)
<i>Kennitala hluthafa.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti hluthafa.</i>	F(2) Listi
Vörsluaðili:	
<i>Nafn vörsluaðila bréfa.</i>	A(70)
<i>Kennitala vörsluaðila bréfa.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti vörsluaðila bréfa.</i>	F(2) Listi
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.3 *Færslulýsing – fjárfestingar í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri skv. 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. og innlendum gjaldeyri skv. 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál og fjárfestingar skv. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglna um gjaldeyrismál.*

2.3.1 Tilkynning um fjárfestingar í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum útgefnum í erlendum gjaldeyri og fjárfestingar í slíkum fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri þegar uppgjör fer fram með erlendum gjaldeyri skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn og kennitala fjárfestis.
- c. Heimilisfesti fjárfestis.
- d. Tegund fjárfestingar (hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjal eða annað).
- e. Lýsing á fjárfestingu (útgefandi verðbréfa, nafn sjóðs, o.s.frv.).
- f. Auðkenni fjárfestingar.
- g. ISIN (ef til).
- h. Heimilisfesti útgefanda.
- i. Heimilisfesti seljanda.
- j. Útgáfumynt.
- k. Uppgjörsmynt.
- l. Kaupverð í uppgjörsmynt.
- m. Kaupverð bréfs (verð á hlut).
- n. Nafnverðsfjárhæð/einingarfjöldi.
- o. Nafn, kennitala og heimilisfesti vörsluaðila.
- p. Tilvísunarnúmer á viðskipti innan hvers fjármálafyrirtækis. Ef almennt er ekki notast við tilvísunarnúmer hjá þeim lögaðila sem tilkynnir fjárfestingu skal notast við númer sem einkennist af dagsetningu (ddmmyy) og raðnúmer viðskipta hvers dags (t.d. 250717001).
- q. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals vegna fjárfestinga í erlendum og innlendum gjaldeyri:
FJEG_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn fjárfestis.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjárfestis.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjárfestis.</i>	F(2) Listi
Afurð:	
<i>Tegund fjárfestingar.</i>	A(70)
<i>Lýsing fjárfestingar.</i>	A(70)
<i>Auðkenni fjárfestingar/heiti útgáfu.</i>	A(70)
<i>ISIN (ef til).</i>	F(12)
<i>Heimilisfesti útgefanda.</i>	F(2) Listi
<i>Heimilisfesti seljanda.</i>	F(2) Listi
Forsendur greiðslu og eignar til grundvallar:	
<i>Útgáfumynt.</i>	F(3) Listi
<i>Uppgjörsmynt.</i>	F(3) Listi
<i>Kaupverð í uppgjörsmynt.</i>	N(12,2)
<i>Kaupverð bréfs.</i>	N(12,2)
<i>Nafnverðsfjárhæð/einingafjöldi.</i>	N(12,2)
Vörsluaðili:	
<i>Nafn vörsluaðila bréfa.</i>	A(70)
<i>Kennitala vörsluaðila bréfa.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti vörsluaðila bréfa.</i>	F(2) Listi
Tilvísunarnúmer viðskipta:	
<i>Tilvísunarnúmer viðskipta.</i>	A(10)
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármála fyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.3.2 Tilkynning um fjárfestingar í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum útgefnum í innlendum gjaldeyri þegar slík fjárfesting felur í sér

fjármagnshreyfingu á milli landa skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn og kennitala fjárfestis.
- c. Heimilisfesti fjárfestis.
- d. Tegund fjárfestingar (hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjal eða annað).
- e. Lýsing á fjárfestingu (útgefandi verðbréfa, nafn sjóðs, o.s.frv.).
- f. Auðkenni fjárfestingar.
- g. ISIN (ef til).
- h. Heimilisfesti útgefanda.
- i. Heimilisfesti seljanda.
- j. Kaupverð.
- k. Kaupverð bréfs (verð á hlut).
- l. Nafnverðsfjárhæð/einingarfjöldi.
- m. Nafn, kennitala og heimilisfesti vörsluaðila.
- n. Tilvísunarnúmer á viðskipti innan hvers fjármálafyrirtækis. Ef almennt er ekki notast við tilvísunarnúmer hjá þeim lögaðila sem tilkynnir fjárfestingu skal notast við númer sem einkennist af dagsetningu (ddmmyy) og raðnúmer viðskipta hvers dags (t.d. 250717001).
- o. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals vegna fjárfestinga í erlendum og innlendum gjaldeyri:
FJIG_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn fjárfestis.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjárfestis.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjárfestis.</i>	F(2) Listi
Afurð:	

<i>Tegund fjárfestingar.</i>	A(70)
<i>Lýsing fjárfestingar.</i>	A(70)
<i>Auðkenni fjárfestingar/heiti útgáfu.</i>	A(70)
<i>ISIN (ef til).</i>	F(12)
<i>Heimilisfesti útgefanda.</i>	F(2) Listi
<i>Heimilisfesti seljanda.</i>	F(2) Listi
Forsendur greiðslu og eignar til grundvallar:	
<i>Kaupverð.</i>	N(12,2)
<i>Kaupverð bréfs.</i>	N(12,2)
<i>Nafnverðsfjárhæð/einingafjöldi.</i>	N(12,2)
Vörsluaðili:	
<i>Nafn vörsluaðila bréfa.</i>	A(70)
<i>Kennitala vörsluaðila bréfa.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti vörsluaðila bréfa.</i>	F(2) Listi
Tilvísunarnúmer viðskipta:	
<i>Tilvísunarnúmer viðskipta.</i>	A(10)
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármálaafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.4 *Færslulýsing – inn- og útflutningur verðbréfa skv. 4. tölul. 3. mgr. 2. gr. og 2. tölul. 4. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál.*

Tilkynning vegna inn- og útflutnings verðbréfa útgefnum í innlendum og erlendum gjaldeyri skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning fjármagnshreyfingar.
- b. Nafn og kennitala eiganda verðbréfa.
- c. Heimilisfesti eiganda verðbréfa.
- d. Tegund verðbréfa (hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjal eða annað).
- e. Lýsing á verðbréfum (útgefandi verðbréfa, nafn sjóðs, o.s.frv.).
- f. ISIN verðbréfs.
- g. Heimilisfesti útgefanda verðbréfs.
- h. Útgáfumynt.
- i. Nafnverðsfjárhæð/einingarfjöldi.
- j. Markaðsvirði verðbréfa í útgáfumynt.
- k. Dagsetning verðbréfakaupa.

- l. Nafn, kennitala og heimilisfesti fjármálafyrirtækis sem afhendir.
- m. Nafn, kennitala og heimilisfesti fjármálafyrirtækis sem móttækur.
- n. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals vegna flutnings erlends og innlends gjaldeyris á milli landa:
FV_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning fjármagnshreyfingar.</i>	DD.MM.YYYY
Greiðandi:	
<i>Nafn eiganda.</i>	A(70)
<i>Kennitala eiganda (ef til).</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti eiganda.</i>	F(2) Listi
Afurð:	
<i>Tegund verðbréfs.</i>	Listi
<i>Lýsing verðbréfs.</i>	A(70)
<i>ISIN verðbréfs (ef til).</i>	F(12)
<i>Heimilisfesti útgefanda verðbréfs.</i>	F(2) Listi
Eign til grundvallar:	
<i>Útgáfumynt.</i>	F(3) Listi
<i>Nafnverðsfjárhæð/einingarfjöldi.</i>	N(12,2)
<i>Markaðsverðmæti í útgáfumynt.</i>	N(12,2)
<i>Dagsetning verðbréfakaupa.</i>	DD.MM.YYYY
Vörsluaðilar:	
<i>Nafn fjármálafyrirtækis sem afhendir.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem afhendir.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjármálafyrirtækis sem afhendir.</i>	F(2) Listi
<i>Nafn fjármálafyrirtækis sem móttækur.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem móttækur.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjármálafyrirtækis sem móttækur.</i>	F(2) Listi
Sendandi tilkynningar	

2.5 Færslulýsing – fjármagnshreyfingar á milli landa vegna beinnar fjárfestingar erlendis, þ.m.t. langtímalánveitingar í erlendum gjaldeyri skv. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. og beinnar fjárfestingar hérlendis, þ.m.t. langtímalánveitingar í innlendum gjaldeyri skv. 4. tölul. 4. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál.

Tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa vegna beinnar fjárfestingar hérlendis og erlendis skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Nafn og kennitala fjárfestis.
- c. Heimilisfesti fjárfestis.
- d. Tegund fjárfestingar (eigið fé, lánveiting eða annað).
- e. Andlag fjárfestingar, þ.e. það félag sem fjárfest er í.
- f. Lýsing fjárfestingar.
- g. Eignarhlutur fyrir og eftir fjárfestingu.
- h. Heimilisfesti fjárfestingar.
- i. Mynt fjárfestingar.
- j. Fjárhæð fjárfestingar í mynt.
- k. Mynt greiðslu.
- l. Fjárhæð greiðslu í mynt.
- m. Nafn og kennitala mótaðila.
- n. Heimilisfesti mótaðila.
- o. Nafn, sími og netfang innlands tengiliðs.
- p. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals vegna beinnar fjárfestingar hérlendis og erlendis:

BF_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY

Greiðandi:	
<i>Nafn fjárfestis.</i>	A(70)
<i>Kennitala fjárfestis.</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti fjárfestis.</i>	F(2) Listi
Afurð:	
<i>Tegund fjárfestingar (hlutafé, lánveiting eða annað).</i>	Listi
<i>Andlag fjárfestingar.</i>	A(70)
<i>Lýsing fjárfestingar.</i>	A(70)
Eign til grundvallar:	
<i>Eignarhlutur fyrir fjárfestingu.</i>	N(3,4)
<i>Eignarhlutur eftir fjárfestingu.</i>	N(3,4)
<i>Heimilisfesti fjárfestingar.</i>	F(2) Listi
<i>Fjárhæð fjárfestingar í erlendum gjaldeyri.</i>	N(12,2)
Forsendur greiðslu:	
<i>Mynt fjárfestingar.</i>	F(3) Listi
<i>Fjárhæð fjárfestingar í mynt.</i>	N(12,2)
<i>Mynt greiðslu.</i>	F(3) Listi
<i>Fjárhæð greiðslu í mynt.</i>	N(12,2)
Viðtakandi:	
<i>Nafn mótaðila.</i>	A(70)
<i>Kennitala mótaðila (ef til).</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti mótaðila.</i>	F(2) Listi
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármála fyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

2.6 Færslulýsing – fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna fasteignakaupa innlendra aðila erlendis skv. 7. tölul. 3. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál.

Tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna fasteignaviðskipta innlendra aðila erlendis skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning greiðslu.
- b. Kennitala kaupanda.
- c. Nafn seljanda.

- d. Kennitala seljanda, ef til.
- e. Heimilisfesti seljanda.
- f. Heimilisfesti fasteignar sem keypt er.
- g. Mynt kaupverðs.
- h. Kaupverð í mynt.
- i. Mynt greiðslu.
- j. Fjárhæð greiðslu í mynt.
- k. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: FA_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Dagsetning:	
<i>Dagsetning greiðslu.</i>	DD.MM.YYYY
Kaupandi:	
<i>Kennitala kaupanda.</i>	F(10)
Seljandi:	
<i>Nafn seljanda.</i>	A(70)
<i>Kennitala seljanda (ef til).</i>	F(10)
<i>Heimilisfesti seljanda.</i>	F(2) Listi
Fasteign:	
<i>Staðsetning fasteignar.</i>	F(2) Listi
<i>Mynt kaupverðs.</i>	A(3)
<i>Kaupverð í mynt.</i>	N(12,2)
Forsendur greiðslu:	
<i>Mynt greiðslu.</i>	F(3) Listi
<i>Fjárhæð greiðslu í mynt.</i>	N(12,2)
Sendandi tilkynningar	
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

3. Innlegg á og úttekt af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi, þ.m.t úttekt í reiðufé skv. 5. tölul. 3. mgr. 2. gr., innlegg á og úttektir af reikningum erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi (Vostro-reikninga) skv. 3. tölul. 4. mgr. 2. gr. og gjaldeyrisviðskipti skv. 2. mgr. 3. gr. reglna um gjaldeyrismál.

3.1 Tilkynning um innlegg á eða úttekt af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi, þ.m.t úttekt í reiðufé og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra.

Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um kaup aðila á erlendum gjaldeyri í reiðufé eða innlegg á eða úttekt af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi getur uppfyllt tilkynningarskyldu með sjálfvirkum hætti. Tilkynning fjármálafyrirtækis telst uppfyllt þegar tilkynningin berst með rafrænum hætti og er auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans í samræmi við neðangreint.

Fjármálafyrirtæki hér á landi skal skrá viðskipti vegna kaupa aðila á reiðufé í erlendum gjaldeyri rafrænt með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans. Viðeigandi flokkunarlykill skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans vegna kaupa á reiðufé í erlendum gjaldeyri undir fjárhæð að jafnvirði kr. 1.000.000 er 101 og vegna kaupa á reiðufé í erlendum gjaldeyri að fjárhæð að jafnvirði kr. 1.000.000 eða herra er 580. Inntak í „Kaup/sala“ skal merkt sem 11 (1 = Gjaldreyrissala eða yfirfærsla til útlanda og 1 = seðlar og mynt).

Fjármálafyrirtæki hér á landi skal skrá viðskipti vegna kaupa aðila á erlendum gjaldeyri vegna yfirfærslna af og á eigin reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis, rafrænt með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans. Viðeigandi flokkunarlykill skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans vegna framangreinds er 580.

Fjármálafyrirtæki hér á landi skal skrá viðskipti vegna kaupa aðila á erlendum gjaldeyri og millifærslna inn á IG-reikning rafrænt með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans. Viðeigandi flokkunarlykill skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans vegna framangreindra viðskipta er 891. Inntak í „Kaup/sala“ skal merkt sem 15 (1 = Gjaldreyrissala eða yfirfærsla til útlanda og 5 = millifærslur (IG færslur)).

Skráning í GV-flokkunarlyklakerfi í samræmi við framangreint telst tilkynning skv. 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál og gjaldeyrisviðskipti skv. 2. mgr. 3. gr. reglna um gjaldeyrismál.

3.2 Tilkyning um innlegg á eða úttekt af reikningum erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.

Fjármálafyrirtæki hér á landi skulu tilkynna um innlegg á og úttektir af reikningum í eigu erlendra fjármálafyrirtækja (Vostro-reikninga) með MT200-299 SWIFT skeytum til Seðlabanka Íslands. Í skeyti skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a. Númer fjármálafyrirtækis.
- b. Viðskiptadagur greiðslu.
- c. Greiðsludagur greiðslu.
- d. Kennitala greiðslubanka.
- e. Heiti greiðslubanka.
- f. Kennitala greiðanda.
- g. Nafn greiðanda.
- h. IBAN greiðanda.
- i. Sendingarland greiðslu (ISO 3166).
- j. Kennitala viðtökubanka.
- k. Heiti viðtökubanka.
- l. Kennitala viðtakanda.
- m. Nafn viðtakanda.
- n. IBAN viðtakandi.
- o. Móttökuland greiðslu (ISO 3166).
- p. Mynt greiðslu (ISO 4217).
- q. Fjárhæð í mynt.
- r. GV-flokkunarlykill.
- s. Textaskýring greiðslu.

4. Tilkyningar um afleiðuviðskipti skv. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr., 5. tölul. 4. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 7. gr. reglna um gjaldeyrismál eða 2. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

Fjármálafyrirtæki hér á landi skal tilkynna um afleiðuviðskipti skv. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr., 5. tölul. 4. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 7. gr. reglna um gjaldeyrismál og 2. mgr. 13. gr. i laga um gjaldeyrismál til Seðlabanka Íslands fyrir lok fimmta virka dags hvers almanaksmánaðar. Fjármálafyrirtæki skal tilkynna um uppgerð afleiðuviðskipti á tímabilinu ásamt útistandandi afleiðuviðskiptum við viðskiptavini sína, með tölvupósti á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

Í tilkyningaskyldunni felst að tilkynna skal um afleiðuviðskipti sem hafa í för með sér fjármagnshreyfingu á milli landa í innlendum eða erlendum gjaldeyri, sbr. 8.

tölul. 3. mgr. 2. gr. og 5. tölul. 4. mgr. 2. gr. (m.ö.o. ef mótaðili er erlendur aðili) og viðskipti þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, sbr. 5. mgr. 7. gr. hvort sem mótaðili er innlendir eða erlendur aðili.

Nemi einstök viðskipti hærrí fjárhæð en kr. 350.000.000 skal tilkynna Seðlabanka Íslands sérstaklega um afleiðuviðskiptin fyrir kl. 10 næsta viðskiptadag.

Nemi heildarviðskipti (brúttó) afleiðusamninga hærrí fjárhæð en kr. 700.000.000 innan viðskiptadags skal tilkynna Seðlabanka Íslands sérstaklega um afleiðuviðskiptin fyrir kl. 10 næsta viðskiptadag.

Viðskipti sem tilkynnt eru sérstaklega skv. 3. mgr. og 4. mgr. skulu einnig færð í mánaðarlega samantekt skv. mgr. 1. og 2.

4.1 Tilkynningar um framvirka gjaldmiðlasamninga (e. FX forward) og gjaldmiðlaskiptasamninga (e. FX swap).

Tilkynna skal um uppgerða framvirka gjaldmiðlasamninga og uppgerða gjaldmiðlaskiptasamninga tímabils þar sem ISK er önnur mynt samnings eða þar sem mótaðili er erlendur aðili í flípanum „Uppgerðir fx fwd swap“. Til uppgerðra samninga teljast allir uppgerðir framvirkir samningar tímabils (þó að framlenging hafi átt sér stað með gjaldmiðlaskiptasamningi) og allir uppgerðir gjaldmiðlaskiptasamningar tímabils þar sem seinni leggur er uppgerður.

Þá skal einnig tilkynna um sambærilega útistandandi samninga við lok tímabils í flípanum „Útistandandi fx fwd swap“.

Tilkynningar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. Tegund viðskipta.
- b. Nafn og kennitala mótaðila.
- c. Heimilisfesti mótaðila.
- d. Samningsdagur (e. *trade date*).
- e. Uppgjörsgdagur (e. *value date*).
- f. Fjárhæðir og myntir í viðskiptunum (í gjaldmiðlaskiptasamningum skal einungis senda upplýsingar um seinni legg viðskipta).
- g. Upplýsingar um hvort til standi að afhenda erlendan gjaldeyri við uppgjör (á einungis við um framvirka gjaldmiðlasamninga).
- h. Upplýsingar um hvort samningur sé framlenging á eldri samningi.
- i. Tílefni viðskipta.
- j. Tilvísunarnúmer frá Seðlabankanum hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu sína á viðskiptunum.
- k. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Upplýsingar um tilkynninguna skulu færðar í fyrirfram skilgreinda reiti á eyðublaðinu samkvæmt eftirfarandi færslulýsingu eftir því sem við á:

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: AF_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Tegund viðskipta:	
<i>Tegund afleiðuviðskipta.</i>	Listi
Viðskiptavinur:	
<i>Kennitala mótaðila.</i>	F(10)
<i>Nafn mótaðila.</i>	A(70)
<i>Heimilisfesti mótaðila.</i>	F(2) Listi
Upplýsingar um viðskipti:	
<i>Samningsdagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Uppgjörsgdagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Mynt sem mótaðili fær afhent.</i>	F(3) Listi
<i>Fjárhæð sem mótaðili fær afhent.</i>	N(12,2)
<i>Mynt sem mótaðili afhendir.</i>	F(12)
<i>Fjárhæð sem mótaðili afhendir.</i>	N(12,2)
<i>Upplýsingar um hvort afhenda eigi erlendan gjaldeyri við uppgjör samnings.</i>	Listi
<i>Upplýsingar um hvort samningur sé framlenging á eldri samningi.</i>	Listi
Tílefni viðskipta:	
<i>Tílefni viðskipta.</i>	Listi
<i>Tilvísunarnúmer frá SÍ.</i>	F(12)
Sendandi tilkynningar:	
<i>Kennitala fjármála fyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

4.2 *Tilkynningar um gjaldmiðlavalrétti (e. fx options).*

Tilkynna skal um uppgerða gjaldmiðlavalrétti tímabils þar sem ISK er önnur mynt samnings eða þar sem mótaðili er erlendur aðili í flípanum „Uppgerðir fx valréttir.“ Til uppgerðra samninga teljast allir valréttir sem hafa uppgjörsgdag á tímabilinu, hvort sem valréttur er nýttur (e. *exercised*) eða ekki.

Þá skal einnig tilkynna um sambærilega útistandandi gjaldmiðlavalrétti í flípanum „Útistandandi fx valréttir“.

Tilkynningar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. Tegund viðskipta.

- b. Nafn og kennitala mótaðila.
- c. Heimilisfesti mótaðila.
- d. Samningsdagur (e. *trade date*).
- e. Uppgjörsdagur (e. *value date*).
- f. Kaup/sala (e. *long/short*). Hér skal skal ávallt horfa út frá stöðu mótaðila á grunnmynt samnings.
- g. Grunnmynt samnings (**XXX/YYY**).
- h. Mótmynt samnings (**XXX/YYY**).
- i. Fjárhæð í grunnmynt.
- j. Samningsverð (e. *strike price*). Hér skal gefa upp fjölda YYY á XXX í krossinum XXX/YYY. T.d. í EUR/ISK skal gefa upp fjölda króna á evru.
- k. Upplýsingar um hvort til standi að afhenda erlendan gjaldeyri við uppgjör.
- l. Upplýsingar um hvort valréttur sé nýttur við uppgjör (á einungis við í flipanum „Uppgerðir fx valréttir“).
- m. Tilefni viðskipta.
- n. Tilvísunarnúmer frá Seðlabankanum hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu sína á viðskiptunum.
- o. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: AF_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Tegund viðskipta:	
<i>Tegund afleiðuviðskipta.</i>	Listi
Viðskiptavinur:	
<i>Kennitala mótaðila.</i>	F(10)
<i>Nafn mótaðila.</i>	A(70)
<i>Heimilisfesti mótaðila.</i>	F(2) Listi
Upplýsingar um viðskipti:	
<i>Samningsdagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Uppgjörsdagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Kaup/sala (e. long/short).</i>	Listi
<i>Grunnmynt.</i>	F(3) Listi
<i>Fjárhæð í grunnmynt.</i>	N(12,2)
<i>Samningsverð (e. strike price).</i>	N(12,2)
<i>Upplýsingar um hvort afhenda eigi erlendan gjaldeyri við uppgjör samnings.</i>	Listi
<i>Upplýsingar um hvort valréttur sé nýttur við uppgjör.</i>	Listi

Tilfni viðskipta:	
<i>Tilfni viðskipta.</i>	Listi
<i>Tilvísunarnúmer frá SÍ.</i>	F(12)
Sendandi tilkynningar:	
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)

4.3 Tilkynningar um vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga (e. *cross-currency interest rate swaps*).

Tilkynna skal um uppgerða vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga tímabils þar sem ISK er önnur mynt samnings eða þar sem mótaðili er erlendur aðili í flípanum „Uppgerðir CCIRS“. Til uppgerðra samninga teljast þeir samningar þar sem endanlegt uppgjör á sér stað (vaxtaskipti á líftíma samnings teljast hér ekki til uppgjörs).

Þá skal einnig tilkynna um sambærilega útistandandi vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga við lok tímabils í flípanum „Útistandandi CCIRS.“

Tilkynningar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. Nafn og kennitala mótaðila.
- b. Heimilisfesti mótaðila.
- c. Samningsdagur (e. *trade date*).
- d. Uppgjörsdagur (e. *value date*).
- e. Lýsing vaxtakjara sem mótaðili fær afhent.
- f. Lýsing vaxtakjara sem mótaðili afhendir.
- g. Tíðni vaxtaskipta.
- h. Mynt höfuðstóls sem mótaðili fær afhent af.
- i. Höfuðstóll til grundvallar sem mótaðili fær afhent af.
- j. Mynt höfuðstóls sem mótaðili afhendir af.
- k. Höfuðstóll til grundvallar sem mótaðili afhendir af.
- l. Upplýsingar um hvort samningur feli í sér höfuðstólsskipti við upphaf og enda samnings.
- m. Tilfni viðskipta.
- n. Tilvísunarnúmer frá Seðlabankanum hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu sína á viðskiptunum.
- o. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: AF_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Viðskiptavinur:	
<i>Kennitala mótaðila.</i>	F(10)
<i>Nafn mótaðila.</i>	A(70)
<i>Heimilisfesti mótaðila.</i>	F(2) Listi
Upplýsingar um viðskipti:	
<i>Samningsdagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Uppgjörstagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Lýsing vaxtakjara sem mótaðili fær afhent.</i>	A(50)
<i>Lýsing vaxtakjara sem mótaðili afhendir.</i>	A(50)
<i>Tíðni vaxtaskipta.</i>	A(50)
<i>Mynt höfuðstóls sem mótaðili fær afhent af.</i>	F(3) Listi
<i>Höfuðstóll til grundvallar sem mótaðili fær afhent af.</i>	N(12,2)
<i>Mynt höfuðstóls sem mótaðili afhendir af.</i>	F(3) Listi
<i>Höfuðstóll til grundvallar sem mótaðili afhendir af.</i>	N(12,2)
<i>Samningur felur í sér höfuðstólsskipti við upphaf og enda samnings.</i>	Listi
Tilefni viðskipta:	
<i>Tilefni viðskipta.</i>	Listi
<i>Tilvísunarnúmer frá SÍ.</i>	F(12)
Sendandi tilkynningar:	
<i>Kennitala fjármálaþyrirækis sem sendir tilkynningu</i>	F(10)

4.4 *Tilkynningar um aðra afleiðusamninga en þá sem eru upptaldir í köflum 4.1-4.3.*

Tilkynna skal um uppgerða afleiðusamninga tímabils sem falla ekki undir kafla 4.1-4.3 og ISK er í samningi gagnvart annarri mynt eða þar sem mótaðili er erlendur aðili í flípanum „Uppgert annað.“

Tilkynna skal um sambærilega útstandandi afleiðusamninga við lok tímabils í flípanum „Óuppgert annað.“

Tilkynningar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. Tegund viðskipta.
- b. Nafn og kennitala mótaðila
- c. Heimilisfesti mótaðila.
- d. Samningsdagur.
- e. Uppgjörstagur.
- f. Tilefni viðskipta.

- g. Tilvísunarnúmer frá Seðlabankanum hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu sína á viðskiptunum.
- h. Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu. Ef lögaðili eða einstaklingur sendir tilkynningu án aðkomu fjármálafyrirtækis skal setja viðeigandi kennitölu.
- i. Aðrar upplýsingar sem lýsa afleiðusamningi (t.d. myntir í samningi, fjárhæðir, nafnverðsupphæðir, auðkenni o.s.frv.).

Heiti skjals sem skila skal til Seðlabankans: AF_NB_KT.XLSX

Reitirnir eru eftirfarandi:

Tegund viðskipta:	
<i>Tegund afleiðuviðskipta.</i>	A(40)
Viðskiptavinur:	
<i>Kennitala mótaðila.</i>	F(10)
<i>Nafn mótaðila.</i>	A(70)
<i>Heimilisfesti mótaðila.</i>	F(2) Listi
Upplýsingar um viðskipti:	
<i>Samningsdagur.</i>	DD.MM.YYYY
<i>Uppgjörsdagur.</i>	DD.MM.YYYY
Tilfni viðskipta:	
<i>Tilfni viðskipta.</i>	Listi
<i>Tilvísunarnúmer frá SÍ.</i>	F(12)
Sendandi tilkynningar:	
<i>Kennitala fjármálafyrirtækis sem sendir tilkynningu.</i>	F(10)
Aðrar nauðsynlegar upplýsingar um afleiðusamning:	
<i>Fer eftir tegund samnings hverju sinni.</i>	

5. Tilkynning innlendra lögaðila um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa sem eiga sér stað án milligöngu innlendra fjármálafyrirtækja skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og 2. mgr. 17. gr. reglna um gjaldeyrismál.

Innlendir lögaðilar skulu skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, tilkynna Seðlabanka Íslands um eftirfarandi gjaldeyrisviðskipti og

fjármagnshreyfingar á milli landa sem eiga sér stað án milligöngu innlendra fjármálafyrirtækja, innan þriggja vikna frá stofnun skuldbindingar:

1. Lántökur og lánveitingar á milli þeirra og erlendra aðila sem nema a.m.k. jafnvirði kr. 100.000.000.
2. Skilmálabreytingar á lánum á milli þeirra og erlendra aðila, nemi höfuðstóll lánsins a.m.k. jafnvirði kr. 100.000.000.
3. Ábyrgðarskuldbindingar á milli þeirra og erlendra aðila, nemi höfuðstóll ábyrgðarinnar a.m.k. jafnvirði kr. 100.000.000.
4. Afleiðuviðskipti á milli þeirra og erlendra aðila.
5. Útgáfu skuldabréfa og annarra skuldagerninga, nemi höfuðstóll skuldagerninganna a.m.k. jafnvirði kr. 100.000.000.

Tilkynning skv. 1.-3. og 5. tölul. 1. mgr. skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og innihalda eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- a. Dagsetning tilkynningar.
- b. Nafn og kennitala lántaka/skuldara.
- c. Land/heimilisfesti lántaka/skuldara.
- d. Nafn og kennitala lánveitanda/ábyrgðarmanns.
- e. Land/heimilisfesti lánveitanda/ábyrgðarmanns.
- f. Fjárhæð láns/ábyrgðar.
- g. Lántökudagur.
- h. Lokagjalddagi.
- i. Lánstími og fjöldi afborgana.
- j. Eftirstöðvar láns við skilmálabreytingu.
- k. Efni/eðli skilmálabreytingar.
- l. Vaxtaþrósenta.

Tilkynning skv. 4. tölul. 1. mgr. skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is og við framkvæmd tilkynningar skal fara eftir leiðbeiningum um afleiðuviðskipti samkvæmt köflum 4.1-4.4.

Innlendum lögaðilum er heimilt skv. 1. mgr. 17. gr. reglna um gjaldeyrismál að senda Seðlabanka Íslands mánaðarlega samantekt um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa skv. 1. mgr. Slík samantekt skal berast Seðlabankanum eigi síðar mánuði frá stofnun yngstu skuldbindingar.